



MINNISBLAÐ

Til: Efnahags- og viðskiptaráðuneytið

Frá: LEX / Aðalsteini E. Jónassyni hrl. og dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík

Dags: 21. júní 2010

Efni: Hugsanleg skaðabótaábyrgð ríkisins og viðbrögð við dómum Hæstaréttar Íslands dags. 16. júní 2010 í svokölluðum „myntkörfumálum“

Vísað er til minnisblaðs dags. 17. júní 2010 þar sem fjallað er um ofangreint málefni. Hér að neðan er vikið í mjög stuttu máli að nokkrum atriðum til nánari skýringar.

1. Hugsanleg skaðabótaskylda ríkisins

Í ofangreindu minnisblaði var lagt til að ekki verði farin sú leið að setja löggjöf til að eyða þeirri óvissu sem nú er komin upp, þar sem slík löggjöf kunni að stangast á við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, sbr. 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir orðrétt:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.“

Af þessu ákvæði leiðir að ekki er hægt að svipta aðila eignarrétti með almennum lögum nema að fullnægðum ofangreindum skilyrðum, þar með talið því skilyrði að „fullt verð“ kom fyrir. Í síðastnefndu felst skylda til að greiða fullt verð fyrir þá eign sem er tekin af viðkomandi aðila með almennum lögum. Sú eign sem málið snýst hér um, er endurgreiðslukrafa skuldara á grundvelli 18. gr. vaxtalaga nr. 38/2001. Verði niðurstaða Hæstaréttar sú að samningsvextir lánveitanda og lántaka eigi að gilda um uppgjör þeirra á milli, en ekki vextir Seðlabanka Íslands samkvæmt ákvæðum 4. gr. vaxtalaga, hefur það í för með sér að skuldari hefur verið sviptur eignarrétti yfir endurgreiðslukröfu sem nemur mismun á þessum vöxtum. Geti skuldari ekki innheimt kröfuna hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki (t.d. vegna gjaldþrots þess), getur hann fræðilega séð krafist greiðslu skaðabóta frá ríkinu og byggt á því að það hafi valdið honum tjóninu með lagasetningunni. Tjónið felst þá þá í mismuninum á samningsvöxtunum og Seðlabankavöxtunum, en þeir síðarnefndu eru umtalsvert hærri en þeir fyrrnefndu.


2. Hugsanleg yfirlýsing um framkvæmd uppgjör

Að mati undirritaðs geta stjórnvöld lýst því yfir, án hættu á bótaskyldu, að samkvæmt mati ýmissa sérfræðinga sem stjórnvöld hafi leitað til, þar með talið sérfræðinga Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands, geri núgildandi regluverk ráð fyrir að uppgjör fari fram miðað við verðtryggða eða óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands samkvæmt ákvæðum vaxtalaga nr. 38/2001. Komi upp ágreiningur um þær leiðir, sé eðlilegast að dómstólar skeri úr honum. Með þessu móti eru stjórnvöld ekki sjálf að gefa álit, heldur eingöngu vísa til þess hvernig ýmsir sérfræðingar á þessu sviði túlka núgildandi regluverk.

3. Hugsanleg löggjöf um stöðu endurgreiðslukröfu skuldara

Gera má ráð fyrir að fjármálafyrirtæki muni sjálf lýsa því yfir að skuldarar muni ekki glata rétti til endurgreiðslu, verði greiðslurnar að hluta til dæmdar ólögmatar. Sérstakt vandamál kann að koma upp í þessu samhengi gagnvart fjármálafyrirtækjum sem standa höllum fæti og geta hugsanlega ekki innt endurgreiðslu af hendi síðar. Síðastnefnt kann að hafa í för með sér að skuldarar treysti sér ekki til að inna greiðslur af hendi (hærrí en samningsvexti), nema endurgreiðsla verði tryggð á einhvern hátt, ef greiðsla verður dæmd ógild og til gjaldþrots viðkomandi fyrirtækis kemur. Væntanlega þurfa fjármálafyrirtæki að koma upp einhverju fyrirkomulagi sem kemur í veg fyrir þetta. Ef þeim tekst það ekki kemur fræðilega séð til álita að setja í lög ákvæði sem kveða á um forgangsrétt slíkra endurgreiðslukrafna við gjaldþrot, þar sem ekki væri þá um afturvirkni að ræða gagnvart öðrum kröfuhöfum viðkomandi fjármálafyrirtækja. Löggjöfin myndi þá eingöngu hafa áhrif á greiðslur sem væru inntar af hendi eftir gildistöku þeirra. Væri slíkt ákvæði þá eingöngu bráðabirgðarákvæði, sem væri í gildi þar til endanleg niðurstaða fæst í þessu mál fyrir Hæstarétti. Hugsanlega væri hægt að setja slíkt ákvæði til bráðabirgða í núgildandi lög um fjármálafyrirtæki og skilgreina þessar kröfur sem forgangskröfur samkvæmt gjaldþrotalögum. Nákvæma útfærslu á síðastnefndri hugmyndi þarf þó að hugsa betur.

Virðingarfyllst



Aðalsteinn E. Jónasson hrl.
dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík